

From: Anna G. Björnsdóttir [<mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is>]
Sent: 4. febrúar 2016 11:35
Subject: Jafnrétti í sveitarfélögum, málþing og námskeið

Ágætu bæjarstjórar og sveitarstjórar

Þótt afmælisárið sé liðið þá er enn þörf á að minna á og ræða jafnrétti kynjanna. Í stefnumörkun sambandsins fyrir þetta kjörtímabil segir að sambandið skuli hvetja og styðja sveitarfélögin í því að ná fram jafnrétti kynjanna í reynd. Með vísun til þess hyggst sambandið standa fyrir málþingi um jafnrétti í sveitarfélögum **fimmtudaginn 31. mars og námskeiði daginn eftir.**

Sérfræðingar frá sænska sveitarfélagasambandinu, SKL, munu vera með kynningu á málþinginu og vera leiðbeinendur á námskeiðinu. SKL hefur um nokkra ára skeið, með fjárstuðningi frá sænska ríkinu, stutt sænsk sveitarfélög í að gera jafnréttismál sjálfbær innan sveitarfélaga. Áherslan hefur verið á að samþætta kynjasjónarmið inn í starfsemina og nýta aðferðir kynjasamþættingar til að veita íbúum betri og skilvirkari þjónustu. Með öðrum orðum að nýta kynjasamþættingu sem gæðastjórnunartæki.

Á málþinginu, sem verður að öllum líkindum haldið á Reykjavíkursvæðinu frá kl. 13:00-17:00, verður almenn kynning á sænsku nálguninni og einnig kynningar frá íslenskum sveitarfélögum og jafnréttisstofu. Í lokin verða umræður um stöðu jafnréttismála í sveitarfélögum og umbóta- og samstarfsmöguleika. **Sveitarfélög, sem hafa áhuga á að kynna starf sitt í jafnréttismálum á málþinginu, eru hvött til að hafa samband við undirritaða.**

Það er sænska reynslan, og reyndar alls staðar viðurkennd staðreynd, að lykillinn að árangri í jafnréttismálum er skilningur og áhugi yfirstjórnenda. Þess vegna er aðal markhópur málþingsins yfir- og millistjórnendur í sveitarfélögum, fulltrúar í sveitarstjórnnum og jafnréttisnefndum og auðvitað líka starfsfólk sem fer með jafnréttis- og umbótamál.

Á námskeiðinu daginn eftir verður farið dýpra ofan í málin og veitt hagnýtt fræðsla um verkfæri og aðferðir til að innleiða kynjasamþættingu almennt í stjórnunardejuna og á einstökum sviðum, svo sem í skipulagsmálum, félagsþjónustu, menningar- og tómstundamálum og skólumálum. Námskeiðið mun að öllum líkindum hefjast kl. 09:00 og standa fram yfir hádegi. Markhópurinn er sá sami og fyrri daginn.

Málþingið og námskeiðið eru haldin í samstarfi við Jafnréttisstofu og jafnréttisráð með fjárstuðningi ráðsins. Í tengslum við þessa viðburði verður gefið út fræðsluhefti fyrir stjórnendur um jafnrétti í sveitarfélögum sem allir þátttakendur fá í hendur.

Við vonumst til að bæjarstjórar og sveitarstjórar muni sjá sér fært að taka þátt og hvetja undirmenn sína og kjörna fulltrúa til þátttöku.

mgkv
Anna Guðrún



Anna Guðrún Björnsdóttir
sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs
Beint innval: 515 4920
Netfang: <mailto:anna.g.bjornsdottir@samband.is>

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.